

ANDLEGT ÞJÓÐARRÁÐ BAHÁ'ÍA Á ÍSLANDI  
THE NATIONAL SPIRITUAL ASSEMBLY OF THE BAHÁ'ÍS OF ICELAND

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 136/704*

*komudagur 12. 1. 2009*

10. janúar 2009

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi þakkar að fá tækifæri til umsagnar um *Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987.*

Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu má skilja að tilgangur þess sé að jafna stöðu trúfélaga gagnvart stuðningi ríkisins. Það sama má ætla af bréfi Nefndasviðs þar sem talað er um frumvarp um sóknargjöld, 7. mál, **hlutdeild skráðra trúfélaga í jöfnunarsjóði.**

Þegar sjálft frumvarpið er skoðað er aðeins um að ræða breytingu á einni lagagrein, þeirri fimmtu, en sú grein er fyrsta grein í II. kafla laganna sem fjallar um Jöfnunarsjóð sókna.

Auk gjalds skv. 2. gr. ber ríkissjóði að skila af tekjuskatti gjaldi er nemur 18,5% af gjöldum er renna til þjóðkirkjusafnaða og **skráðra trúfélaga** skv. 2. og 3. gr. í sjóð er nefnist Jöfnunarsjóður sókna. Gjald þetta greiðist mánaðarlega. (Breytingin er þessi þrjú feitletruðu orð.)

Þarna er sem sé lagt til að í Jöfnunarsjóð sókna verði greitt ekki aðeins vegna þeirra sem eru í þjóðkirkjunni, heldur vegna fólks í öllum skráðum trúfélögum.

Ekki er hins vegar hreyft við greinum nr. 6 og 7 þar sem kveðið er á um hlutverk sjóðsins og hver fari með stjórn hans og umsjá. Hlutverk sjóðsins er eingöngu að styrkja starf þjóðkirkjunnar enda fer Kirkjuráð hinnar íslensku þjóðkirkju með umsjá og stjórn sjóðsins. Það væri þannig afar sérkennileg ráðstöfun að styrkja enn frekar þennan sérstaka sjóð þjóðkirkjunnar og gera það í nafni annarra skráðra trúfélaga sem engan aðgang hafa að sjóðnum á nokkurn hátt. Væri sjóðnum ætlað að veita fé til annarra trúfélaga þyrfti að breyta nafni hans, hlutverki, úthlutunarreglum og stjórn.

**Miklu eðlilegra væri að að greiða samsvarandi gjald beint til annarra trúfélaga en ekki til jöfnunarsjóðs þjóðkirkjunnar, en ekki er hægt að ráða af orðalagi frumvarpsins að það sé meiningin.**

Andlega þjóðarráðið telur starf og hlutverk trúfélaga hafa verið ákaflega vanmetið á undanförunum árum og áratugum en þau ættu að gegna stóru hlutverki við að rækta siðgildi og dyggðir, og styðja við andlegan þroska og velferð einstaklinga og samfélags, auk þjónustu á tímamótum í lífi fólks. Það er ekki ætlun bahá'í samfélagsins á Íslandi að seilast í vasa ríkissjóðs eða skattgreiðenda, en sé það vilji ríkisvaldsins að styðja við það margþætta starf sem trúfélög leggja stund á og gæta þar jafnræðis, væri það verðugt verkefni. Vissulega er löngu tímabært að taka allan lagaramma um starfsemi trúfélaga til endurskoðunar, til þess einmitt að auka jafnræði og samræmingu. Málfar, orðanotkun og beiting hugtaka er meðal þess sem verulega þyrfti að huga að við slíka endurskoðun en orðalag laga og reglugerða um málefni þessu tengd er nánast einskorðað við kirkjulega orðræðu.

Með bestu kveðjum,  
f.h. Andlegs þjóðarráðs bahá'ía á Íslandi

*Sngá Daniels*  
Ingibjörg Daníelsdóttir, ritari

Alþingi  
Erindi nr. P 136/643  
komudagur 9.1. 2009

Hafnarfirði 5. janúar 2009.

Til allsherjarnefndar Alþingis.

Umsögn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði um breytingu á lögum um sóknargjöld o.fl.

Fríkirkjusöfnuðurinn í Hafnarfirði lýsir yfir ánægju með framlagt frumvarp um breytingu á lögum um sóknargjöld o.fl. nr.91/1987. Söfnuðurinn hefur oft vakið athygli á því óréttlæti að í raun skuli greitt hærra sóknargjald fyrir þá einstaklinga sem eru skráðir í Þjóðkirkjuna og felst í því 18,5% viðbótargjaldi f. þjóðkirkjufólk er rennur í Jöfnunarsjóð sókna.

F.h. Fríkirkjusafnaðarins í Hafnarfirði.



Einar Eyjólfsson prestur



**Alþingi**  
**Erindi nr. P 136 / 762**  
**komudagur 20.1.2009**

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. janúar 2009

Efni: Frumvarp til laga um sóknargjöld, þingskjal 7-7. mál.

Háskóla Íslands hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar. Ekki er gerð athugasemd við frumvarpið eins og það liggur fyrir, enda virðist það ekki snerta Háskólasjóð Háskóla Íslands. Tekjur þær sem Háskólasjóður fær af hlutdeild í tekjuskatti eru ómetanlegar í þágu þróunar- og framfaramála Háskóla Íslands, auk menningarstarfsemi ýmiss konar sem Háskólinn stendur fyrir í þágu almennings. Á fjárlögum ársins 2008 voru 215 m.kr. til Háskólasjóðs. Með fjáráukalögum ársins 2008 bættust við þessa tölu 36,3 m.kr., alls runnu því 251,3 m.kr. til Hskólasjóðs á árinu 2008. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 er ráðgert að 116,7 m.kr. renni í Háskólasjóð. Háskóli Íslands hlýtur að líta á þennan niðurskurð sem tímabundna ráðstöfun vegna hins alvarlega ástands í efnahagsmálum þjóðarinnar sem nú ríkir.

Virðingarfyllst,

f.h. háskólarektors

Þórunn Kristinsson  
Sviðsstjóri kennslusviðs

Alþingi  
Erindi nr. Þ 136/705  
komudagur 12.1.2009

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. jan. 2009

Stjórn Prestafélags Íslands hefur fjallað um tvö þingmannafrumvörp sem nú liggja fyrir Alþingi:

**a) 124. mál um eftirlaun æðstu embættismanna**

Stjórn PÍ telur eðlilegast að þeir embættismenn, sem taldir eru upp í 1. gr. frumvarpsins, séu á sama báti og aðrir embættismenn í lífeyrismálum og styður að sérlög um eftirlaun þeirra verði afnumin.


4. greinin á hins vegar ekki heima í frumvarpinu enda hefur kjararáð nú þegar úrskurðað um launalækkun flestra þeirra sem þar eru taldir upp.


**b) 7. mál um sóknargjöld og hlutdeild í jöfnunarsjóði**

Stjórn PÍ fagnar því ef það er vilji Alþingis að auka framlög til skráðra trúfélaga en varar við því að öllum trúfélögum sé veitt aðild að Jöfnunarsjóði sókna vegna stærðarmunar trúfélaga og sérstöðu Þjóðkirkjunnar sem þjónar öllu landinu.

Hagsmunir fara ekki saman hjá öðrum skráðum trúfélögum. Sú leið gæti verið farin að stofna annan sjóð fyrir trúfélög utan Þjóðkirkju með eigin stjórn eða að veita sambærilegu viðbótarframlagi til hvers trúfélags fyrir sig.

Virðingarfyllst,  
f. h. stjórnar Prestafélags Íslands,

  
sr. Ólafur Jóhannsson, formaður



Alþingi  
Erindi nr. P 136/621  
komudagur 22.12.2008

SIÐMENNT  
Félag siðrænna húmanista á Íslandi  
Æsufelli 4, 2F  
111 Reykjavík  
www.sidmennt.is  
sidmennt@sidmennt.is

Til nefndasviðs Alþingis

22. desember 2008

Umsögn stjórnar Siðmenntar, félags siðrænna húmanista á Íslandi, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987. Fm.: Ásta Möller, Gunnar Svavarsson.

Frumvarpið hljóðar svo:

„1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Auk gjalds skv. 2. gr. ber ríkissjóði að skila af tekjuskatti gjaldi er nemur 18,5% af gjöldum er renna til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga skv. 2. og 3. gr. í sjóð er nefnist Jöfnunarsjóður sókna. Gjald þetta greiðist mánaðarlega.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Stjórn Siðmenntar hefur ákveðið að styðja þetta frumvarp og er sammála öllum þeim rökstuðningi sem fram kemur í ágætri greinagerð frumvarpsins. Stjórn Siðmenntar leggur þó til ákveðnar viðbætur við frumvarpið.

Núgildandi lög eru í bága við jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar og gefa einu trúfélagi, þjóðkirkjunni, langtum meiri fjárstuðning en öðrum trúfélögum. Við erum því sammála þeirri mikilvægu leiðréttingu sem þetta frumvarp hefur í för með sér. Lágmarks jafnréttiskrafa er **krafan um jafna meðferð allra félaga** sem ríkið hefur reglubundin afskipti af eða þjónustu við. Annað tveggja tryggir slíkt, en það er annað hvort að:

1. hafa engin fjárframlög af hálfu ríkisins til trúarlegra eða veraldlegra lífsskoðunarfélaga eða
2. meðhöndla þau öll jafnt í samræmi við stærð þeirra með tilteknum fjárframlögum sem þjóðin hefur ákveðið eðlileg.

Okkur þykir eðlilegra að ríkið hafi ekki fjármálaleg tengsl við þessi frjálsu félög, en miðað við núverandi fyrirkomulag er þetta frumvarp veruleg framför til jafnréttis og jafnrar meðferðar, verði það samþykkt.

Siðmennt er **veraldlegt lífsskoðunarfélag** og berst nú fyrir því að hljóta jafna meðferð á við hin trúarlegu. Félagið er sambærilegt trúfélögum að megin kjarna viðfangsefna því það fjallar um siðferði og heldur úti fullri þjónustu við félagslegar athafnir fjölskyldna, þ.e. veraldlegar nafngjafir, fermingar, giftingar og útfarir. Félagið þjónar bæði félagsmönnum sínum og öðrum sem óska eftir veraldlegum athöfnum. Reynsla okkar sýnir að mikill meirihluti þeirra sem leita til athafnaþjónustu félagsins eru utan þess. Aðeins líti hluti Íslendinga sem aðhyllast veraldlega sannfæringu eru í Siðmennt, en skv. vandaðri könnun Gallup árið 2004, eru 19.6% þjóðarinnar „ekki trúuð“. Þjónustusvið Siðmenntar nær því langt út fyrir raðir félagsins og það neitar engum um þjónustu við athafnir sínar.

Stjórn Siðmenntar væntir þess að þegar frumvarp um skráð veraldleg lífsskoðunarfélög (í meðhöndlun) fær brautargengi, fái slík félög einnig aðild að jöfnunarsjóði sókna. Veraldleg lífsskoðunarfélög kalla ekki hóp félagsmanna sinna *sóknir* og því væri við hæfi að nota annað orð til viðbótar í þessu frumvarpi, svo það nái yfir alla sem munu koma að jöfnunarsjóði. (Eins og er, er Siðmennt eina veraldlega lífsskoðunarfélagið á Íslandi).

Þannig myndi 5. gr. laganna orðast svo:

1. gr.

Auk gjalds skv. 2. gr. ber ríkissjóði að skila af tekjuskatti gjaldi er nemur 18.5% af gjöldum er renna til safnaða skráðra trúfélaga og staðbundinna hópa skráðra veraldlegra lífsskoðunarfélaga skv. 2. og 3. gr og lögum um skráð veraldleg lífsskoðunarfélög í sjóð er nefnist *Jöfnunarsjóður sókna og lífsskoðunarhópa*.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. [viðbætur breiðletraðar].

Stjórn Siðmenntar óskar eftir því að þetta ágæta frumvarp Ástu Möller og Gunnars Svavarssonar verði afgreitt með ofangreindum breytingum á alþingi á sama tíma og það frumvarp sem Siðmennt er með í meðhöndlun hjá allsherjarnefnd um aðild veraldlegra lífsskoðunarfélaga að skráningu og sóknargjaldakerfi. Þannig gæti sparast tími og fyrirhöfn við þessa heildarvinnu sem er í gangi hjá ýmsum aðilum sem vilja bæta þessi lög.

Jafnframt hefur Siðmennt skilað inn umsögn með mikilvægum breytingartillögum á nýju frumvarpi á lögum um *kirkjugarða, grafreiti, útfarir og líkbrennslu*. Mikilvægt er að samræmi sé gætt í öllum þessum lögum, nú þegar talsverðar breytingar í átt til meira jafnréttis meðal trúfélaga og veraldlegra lífsskoðunarfélaga eru í farveginum.

Virðingarfyllst,

F.h. Siðmenntar

  
Svanur Sigurbjörnsson, meðstjórnandi.

s: 896 3465, netfang: sidmennt@sidmennt.is

Upplýsingar gefur einnig Hope Knútsson, formaður

sími: 567 7752 netfang: sidmennt@sidmennt.is